



Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

26. mars 2018

Mál 214

Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum hefur verið eitt af baráttumálum Menningar og friðarsamtakanna MFÍK til margra ára og því fögnum við þessu frumvarpi til laga.

Af þeim vopnum sem menn hafa skapað til að drepa hver aðra valda kjarnorkuvopn mestu kvalræði, bæði vegna gríðarlegs eyðileggingarmáttar og viðvarandi heilsufarsvandamála vegna útbreiðslu geislavirks ofanfalls. Því miður hafa voðaverk nú þegar verið framin en allt þarf að gera til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Kjarnorkusprengrur sem varpað var á borgirnar Hiroshima og Nagasaki árið 1945 sýndu vel hve hryllilegar afleiðingar aðeins einnar kjarnorkusprengru eru. Eins hafa mörg samfélög mátt þola kjarnorkutilraunir stórvelda og meðfylgjandi umhverfisspjöll og heilsufarsvandamál.

Kjarnorkuvopn skapa verulega ógn við umhverfi og menn. Mikilvægt er að Íslands leggi sitt af mörkun til afvopnunar og friðar í heiminum og við teljum friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum vera skref í þá átt.

Meðfylgjandi er skjal með okkar breytingum en mikilvægustu atriðin eru listuð hér að neðan.

Menningar og friðarsamtökin gera athugasemd við **2. grein** frumvarpsins. Markmið laganna ætti að vera að „**koma í veg fyrir hættuna á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.**“ en ekki aðeins að draga úr hættunni.

Menningar og friðarsamtökin gera athugasemd við **3. grein** frumvarpsins. Þar segir að skilgreining orðsins „kjarnorkuvopn“ taki ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

Menningar og friðarsamtökin telja mikilvægt að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum til að losna við hættu á kjarnorkuóhöppum hér á landi en einnig teljum við að Ísland eigi að stuðla að afvopnun á alþjóðavísu og því full ástæða til að bannið nái líka yfir útbúnað sem fylgir kjarnorkuvopnum. Við leggjum til að seinni hluti fyrstu málgreinar verði felldur í burtu þannig að eftir standi: **Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti.**

Menningar- og friðarsamtökin gera athugasemd við **10. grein** frumvarpsins og leggja til að greinin verði felld niður. Við teljum að ekki eigi að gefa undanþágur fyrir friðsamlegri umferð eða gegnumferð því erfitt er að meta hvort svo sé. Á undanförunum árum hafa komið upp mál þar sem vopnaflutningur og fangaflug um Ísland hafa ítrekað átt sér stað án vitneskju almennings. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum ætti að okkar mati ekki að bjóða upp á undanþágur.

Menningar og friðarsamtökin gera athugasemd við **11. grein** en þar segir að í vafatilfellum eigi að leita bestu fánlegra upplýsinga óháðra aðila til að byggja á ákvörðun. Við teljum að í vafatilfellum skuli aldrei leyfa komu kaþbáta, herskipa eða herloftfara nema að óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum.

Virðingarfyllst,
Stjórn Menningar og friðarsamtakanna MFÍK

Frumvarp til laga

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Steinunn Þóra Árnadóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Una Hildardóttir, Þórunn Egilsdóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorkuvopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, ~~koma í veg fyrir draga úr hættunanni~~ á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, ~~en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.~~

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorkuvopna er bannaður. ~~sbr. þó ákvæði 12. gr.~~

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má:

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, ~~sbr. þó ákvæði 10. gr.~~

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, ~~sbr. þó ákvæði 10. gr.~~

9. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, ~~sbr. þó ákvæði 10. gr.~~

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

~~10. gr.~~

~~Þrátt fyrir ákvæði 6. og 8. gr. og fyrri málsgreinar 9. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.~~

104. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ekki heimila komu komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi. ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

~~112.~~ gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, ~~-eins~~-viðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði, ~~og kostur er~~. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

~~123.~~ gr.

Hver sá sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

~~134.~~ gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. [55/1991](#). Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

~~145.~~ gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.


Umsögn frá Samtökum hernaðarandstæðinga um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, þingskjal 301 – 214.mál

Samtökum hernaðarandstæðinga hefur borist til umsagnar lagafrumvarp um friðlýsingu Íslands og íslenskrar lögsögu fyrir kjarnorkuvopnum. Um gamalkunnugt mál er að ræða, enda mun ekkert einstakt þingmál hafa verið flutt oftár á Alþingi í lítt- eða óbreyttri mynd. Vekur það nokkra furðu, enda sjá samtökin ekkert því til fyrirstöðu að það verði snarlega samþykkt.

Færa má fyrir því gild rök að kjarnorkuvopn séu mesta ógnin við Ísland og íslenskt samfélag. Er þar ekki átt við hættuna á kjarnorkuátökum í veröldinni, sem vissulega er fyrir hendi og hefði skelfilegar afleiðingar fyrir mannkyn allt, heldur fremur hættuna á slysi um borð í skipi eða kafbáti með kjarnorkuvopnum innanborðs. Kjarnorkuslys í höfunum með tilheyrandi mengun gæti reynst íslensku hagkerfi reiðarslag langt umfram alla þá náttúruvá sem að landsmönnum getur steðjað.

Í höfunum umhverfis landið eru kjarnorkukafbátar stórveldanna í sífelldum eltinga- og feluleik, þar sem markmiðið er að leynast hver fyrir öðrum. Á miðunum umhverfis Ísland er leikur þessi gerður enn harðari með kafbátaleitarflugi sem fram fer frá Keflavíkurlugvelli og er því einhver mesti háskaleikur sem Íslendingar leika nú um stundir. Líkurnar á óhöppum og jafnvel stórslysum aukast augljóslega eftir því sem meira kapp færast í eltingaleikinn. Fyrir þjóð sem byggir afkomu sína að miklu leyti á sjávarútvegi er það ekkert annað er stórkostlegt ábyrgðarleysi að láta það óátalið að kjarnorkufley sigli fram og aftur um lögsöguna. Fyrirmyndir þessa frumvarps eru ýmsar. Kunnasta dæmið er Nýja-Sjáland, en þangað má horfa varðandi útfærslu til að tryggja að lögin stangist ekki á nokkurn hátt við hafréttarsáttmálann. Raunar er það álit SHA að þetta frumvarp rúmist fullkomlega innan hans.

Að framansögðu gera samtökin það að tillögu sinni að Alþingi lögfesti frumvarpið og sýni þar með ábyrgð og festu gagnvart alvarlegri utanaðkomandi ógn.



(undirskrift fyrir hönd SHA)



Alþingi
Nefndasvið,
við Austurvöll
150 Reykjavík

ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 10. apríl 2018

Tilvísun: UTN18030076/03.G.002; 97.B.322

StSi/kaþ

Ráðuneytið vísar til tölvuskeytis nefndasviðs Alþingis dags. 12 mars sl. en með honum var ráðuneytinu send til umsagnar frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 214. mál, þskj. 301, á 148. löggjafarþingi. Ráðuneytið hefur farið yfir frumvarpið og vill veita eftirfarandi umsögn um hana:

Í frumvarpinu eru ákvæði um bann við staðsetningu, geymslu og flutningi kjarnavopna, sem og við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, flutningi og losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs innan efnahagslögsögunnar og 12 sjómílna land- og lofthelgi, sem og heimsóknum slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla. Bannið tekur til sérhverrar losunar geislavirkra efna innan svæðisins.

Stefna íslenskra stjórnvalda að leyfa ekki staðsetningu kjarnavopna hér á landi er vel kunn og hefur svo verið óbreytt um áratuga skeið. Í ágúst 1980 lýsti Ólafur Jóhannesson, þáverandi utanríkisráðherra, því yfir að bannið ætti við um varanlega sem og tímabundna staðsetningu kjarnavopna og jafnframt flutninga kjarnavopna um Keflavíkurlflugvöll og lofthelgi Íslands. Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, útfærði þessa stefnu enn frekar þegar hann lýsti því yfir, í apríl 1985, að bannið ætti einnig við um herskip sem kæmu í hafnir hérlendis eða sigldu um íslenska lögsögu Alþingi áréttaði þessa stefnu Íslands varðandi bann við staðsetningu kjarnavopna á Íslandi með þingsályktun 23. maí 1985. Íslensk stjórnvöld hafa enga ástæðu til að ætla annað en að önnur ríki hafi ætíð virt þessa friðlýsingu.

Þessi stefna hefur nú verið mörkuð í Þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem samþykkt var á Alþingi 13. apríl 2016. Þar er tilgreint (10.gr.) að Ísland og íslensk landhelgi skuli friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðaskuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu. Er þar skilmerkilega áréttuð áratugagömul stefna stjórnvalda um að hér á landi skuli ekki vera kjarnavopn. Þjóðaröryggisstefnan leggur jafnframt áherslu á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamnings við

Bandaríkin og þær skuldbindingar sem af þeim leiða.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að þingmannanefnd um þjóðaröryggisstefnu, sem skipuð var þingmönnum allra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi, fjallaði sérstaklega um efnislega samhljóma frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, sem lagt fram á 139. löggjafarþingi (18. mál.). Sú umfjöllun er grunnurinn að orðalagi því er finna má í þjóðaröryggisstefnunni.

Þá er til að taka að allmörg þeirra ákvæða sem er að finna í frumvarpinu hafa þegar verið lögfest eða er að finna í alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að. Aðildin að þeim alþjóðasamningum sem hér eru tilgreindir felur í sér skuldbindingar samkvæmt þjóðarétti.

Eftirfarandi eru helstu lög og samningar sem um er að ræða.

- Lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008 innleiða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1540 (2004) sem bannar öðrum en ríkjum þróun, framleiðslu, öflun, söfnun, notkun, útvegum, eignarhald, flutning, miðlun, viðskipti með og vörslu kjarnavopna, sbr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 26. júní 1945. Ályktunin heimilar öryggisráðinu m.a. að gefa aðildarríkjum fyrirmæli sem miða að því að varðveita heimsfrið og öryggi.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 banna losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.
- Lög um geislavarnir nr. 44/2002 kveða á um meðferð geislavirkra efna hér á landi, þ.á.m. förgun þeirra, en um hana gilda strangar reglur.
- Hegningarlög nr. 19/1940 banna að taka við, hafa í vörslu sinni, nota, flytja, breyta, losa eða dreifa kjarnakleyfum efnum og stofna með því lífi manna, heilsu eða eignum í voða.
- Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnavopna frá 1. júlí 1968 (NPT) kveður á um að aðildarríki sem ekki eiga kjarnavopn fyrir, skuldbindi sig til að koma sé ekki upp slíkum vopnum eða aðstoða aðra við það. Tekið skal fram að þetta er eini alþjóðasamningurinn, sem felur í sér skuldbindingu allra yfirlýstra kjarnavopnavelda um að ná fram afvopnun á sviði kjarnavopna.

Þjóðréttarskuldbindingar og öryggissjónarmið

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

Ákvæði frumvarpsins um bann við flutningi kjarnorkuvopna á íslensku hafsvæði, komu farartækja sem knúin eru kjarnorku þangað og umferð farartækja sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang um það stangast á við ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna varðandi landhelgi og sérefnahagslögsögu ríkja.

Ísland nýtur, eins og önnur strandríki, fullveldisréttar innan landhelgi sinnar sbr. 2. gr. hafréttarsamningsins. Erlendum skipum er þó heimilt að fara um landhelgina að því tilskildu að ferðin sé friðsamleg sbr. 17. gr. samningsins. Í 19. gr. samningsins segir að ferð sé friðsamleg „svo framarlega sem hún stofnar friði, góðri reglu eða öryggi strandríkisins ekki í hættu“. Hafréttarsamningurinn hefur að geyma ákvæði sem segir að þegar erlend kjarnorkuknúin skip og skip sem flytja kjarnaefni eða önnur hættuleg eða skaðleg efni, neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar um landhelgina skuli þau vera með skjöl og gera sérstakar

varúðarráðstafanir samkvæmt alþjóðasamningum sbr. 23. gr. samningsins. Að auki kveður 22. gr. samningsins á um að strandríki geti krafist þess að slík skip, sem neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar um landhelgi þess, sigli á ákveðnum siglingaleiðum. Í ljósi þessa verður að líta svo á að réttur slíkra skipa til friðsamlegrar ferðar um landhelgina sé viðurkenndur í hafréttarsamningnum svo fremi ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Í framkvæmd hefur Ísland ekki litið svo á að flutningur efna af þessu tagi, eða ferð skipa knúin kjarnorku, hafi brotið gegn ákvæðum 19. gr. Hafréttarsamningsins, s.s. um öryggi þess sem strandríkis.

Hið sama á ekki við um loftrýmið yfir landhelginni. Fullveldisréttur strandríkja nær til þess, sbr. 2. gr. hafréttarsamningsins. Réttur til friðsamlegrar ferðar nær ekki til ferða erlendra loftfara um loftrými yfir landhelgi strandríkja og er þar af leiðandi unnt að banna ferðir loftfara, m.a. loftfara með hættulegan farm ef vilji er til þess.

Hvað varðar sérefnahagslögsöguna hefur strandríki fullveldisréttindi m.a. varðandi verndun og nýtingu lífrænna sem ólífrænna náttúruauðlinda og hefur lögsögu að því er varðar verndun og varðveislu hafrýmisins, sbr. 56. gr. hafréttarsamningsins. Þegar strandríki fer með réttindi sín skal það taka tillit til réttinda annarra ríkja samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Í því sambandi verður að hafa í huga að erlend skip hafa frelsi til siglinga í og erlend loftför hafa frelsi til yfirflugs yfir sérefnahagslögsögu annarra ríkja samkvæmt 58. gr. hafréttarsamningsins. Frelsi þetta er svipað frelsinu til siglinga á og yfirflugs yfir úthafinu og hefur strandríkið mjög þröngar heimildir til takmörkunar þess, mun þrengri en hvað landhelgina varðar.

Rétt er að taka fram að á innsævinu, þ.m.t. hafnir, hefur strandríki nær ótakmarkaðan fullveldisrétt og hefur því heimild til þess að banna þar för sjávar- og loftfara.

Atlantshafsbandalagið

Í öryggisumhverfi nútímans er grundvallargildi kjarnavopna pólitískt. Notkun þeirra er talin nánast óhugsandi og markvisst hefur verið unnið að fækkun þeirra á undanförunum árum. Þannig hefur kjarnavopnum undir stjórn Atlantshafsbandalagsins fækkað um rúmlega 90% frá því kalda stríðið stóð sem hæst.

Flest ríki heims eru aðilar að samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT), en lokamarkmið hans er að útrýma öllum kjarnavopnum. Engu að síður eru kjarnavopn enn þáttur í varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Fælingin sem í þeim felst er af hálfu Atlantshafsbandalagsins talin hafa pólitískt vægi, m.a. gagnvart sameiginlegum varnarskuldbindingum aðildarríkja, samstöðu aðildarríkja og þeim grundvelli bandalagsins að öryggi og varnir bandalagsins skuli ná yfir öll aðildarríki.

Grunnstefna Atlantshafsbandalagsins frá árinu 2010 kveður á um að stefnt skuli að heimi án kjarnavopna. Hins vegar, á meðan kjarnavopn fyrirfinnast, tilgreinir grunnstefnan kjarnavopn sem hluta af fælingar- og varnarstefnu bandalagsins. Það verður að teljast eðlileg afstaða varnarbandalags og eðlileg þróun og viðhald á kjarnavopnum fylgir slíkri stefnu. Í slíkri stefnu felst hins vegar ekki velþóknun á kjarnavopnum og hið endanlega markmið er skýrt - að fækka kjarnavopnum og skapa þau skilyrði að þeim verði hægt að eyða.

Þessi afstaða til kjarnavopna var áréttuð á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í

Wales í september 2014 og í Varsjá í júlí 2016.

Einnig er rétt að minnst þess að utanríkisráðherrar Norðurlanda ákváðu, á fundi sínum í Reykjavík 29.-30. mars 1987, að kanna hvort koma mætti á kjarnavopnalausum svæði á Norðurlöndum. Nefnd embættismanna skilaði skýrslu í mars 1991. Í niðurstöðum hennar segir m.a. að slíku svæði verði aðeins komið á í samráði við Atlantshafsbandalagsríkin. Ekki verði séð að slík friðlýsing þjóni öryggishagsmunum samtakanna.

Friðsamleg nýting kjarnorku og sjávarháski

Með samþykkt frumvarpsins yrði flutningur kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs m.a. bannaður innan efnahagslögsögunnar og landhelgi. Óheimilt yrði að þjóðarétti að framfylgja slíkum ákvæðum, sem fyrir segir. Einnig yrði flutningur efnanna óheimill í lofthelgi. Hins vegar er flutningur slíkra efna algengur í alþjóðasamskiptum og oft nauðsynlegur þáttur í eyðingu kjarnorkuúrgangs og til að koma kjarnakleyfum efnunum í örugga vörslu.

Ef frumvarpið yrði að lögum mætti t.d. ekki heimila skipi sem flytur kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang í tengslum við friðsamlega nýtingu kjarnorku og óskar að leita vars vegna óveðurs, að koma inn fyrir 12 mílna mörkin og draga þar með úr líkum á að skip farist og mengunarslys hljótist af.

EES-samningurinn


Þær takmarkanir sem felast í frumvarpinu á innflutningi og flutningi á kjarnakleyfum efnunum og kjarnorkuúrgangi og á ferðum kjarnorkuknúinna farartækja geta m.a. snert reglur EES-samningsins um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti. Þar sem um viðskiptahindrun væri að ræða þyrfti að tilkynna reglurnar til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt tilskipun 98/34 (EB), sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða, sbr. lög nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu. Vakin er athygli á að texti frumvarpsins verður að berast stofnuninni áður en það verður að lögum og gefa verður stofnuninni þriggja mánaða tíma til meðferðar áður en frumvarpið verði samþykkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2000.

Niðurstaða

Stefna stjórnvalda í þeim málaflokki sem frumvarpið kveður á um hefur m.a. verið mörkuð með það fyrir augum, jafnframt því að samrýmast skuldbindingum gagnvart Hafréttarsamningnum og Atlantshafsbandalaginu, að hún uppfylli réttmætar kröfur um öryggi umhverfis og auðlinda. Sem aðili að samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) styður Ísland útrýmingu allra kjarnavopna. Ísland hefur verið meðflytjandi að tillögum þar að lútandi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og beitt sér fyrir afvopnun á alþjóðavettvangi í samræmi við ákvæði þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Enn fremur styðja íslensk stjórnvöld gerð samnings um bann við framleiðslu kjarnakleyfra efna til sprengjagerðar (FMCT). Stefna Íslands í málefnum er varða staðsetningu kjarnavopna hér á landi eða flutning þeirra um íslenska lögsögu hefur ekki verið lögfest enda samræmist það ekki aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu.

Markmið frumvarpsins er í megindráttum í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda

en að óbreyttu stangast frumvarpið þó á við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda samkvæmt þjóðarétti eins og fyrr er lýst.

F. r.

Sturla Sigurjónsson
ráðuneytisstjóri

